

## Dósafríða, flandrari og hrjáð dóttir

### Um *Systu megin* eftir Steinunni Sigurðardóttur

Svarið við spurningunni um hvort Systa sé til veltur á því um hvað er spurt. Ef spurt er um fyrirmynd að Systu, þá er hún ekki til í mínum huga. Ég fann Systu upp. Þannig séð er Systa þá ekki til. Hins vegar vill svo til að það er kveikja að sögunni um Systu. Ósamþykkt íbúð í miðbænum sem ég fékk innsýn í. Þannig var að vinir höfðu keypt hús, og með húsinu fylgdi leigjandi. Ég fékk innsýn í hosílóíð. Lofthæð einstaklega lág, eins og í Systukytru. Og konan í lágu lofthæðinni bjó við kemískt klósett – en einmitt þetta tvennt finnst Systu tilfinnanlegast í sinni kröppu stöðu – kemíski fjandinn og lág lofthæðin. Innlokunarkenndin sat í mér. Hvernig var hægt að hafast við í hóbýli þar sem meðalmanneskja á hæð gæti ekki staðið upprétt.<sup>1</sup>

Á þessa leið hóf rithöfundurinn Steinunn Sigurðardóttir erindi þar sem hún reyndi að svara því hvort aðalpersóna leiksögunnar *Systu megin* (2021) væri til eður ei. Eins og sjá má á orðum hennar er persónan Systa hugarspuni þótt innlitið í hosíló fátækrar konu hafi verið neistinn sem kveikti bókina.<sup>2</sup> Í sögunni fjallar Steinunn ítarlega um hvernig Systu tekst að halda reisu

<sup>1</sup> Steinunn Sigurðardóttir, „Er Systa til?“, *Málþing, Systa í samastaðarígildinu*, Veröld, húsi Vigdísar, 10. mars 2022, sótt 22. maí 2022 af <https://livestream.com/hi/systumegin>.

<sup>2</sup> Í fyrirlestri Steinunnar kom fram að sagan um Systu hefði lifað með henni frá síðustu aldamótum en frá þeim tíma og þangað til leiksagan kom út hefði sagan „umbreytst úr smásögu í leikrit, í leiksögu.“ Sjá sömu heimild.



og sjá sjálfri sér farborða með einstakri útsjónarsemi þrátt fyrir sára fátækt og engan fjárhagslegan stuðning, hvorki frá hinu opinbera né nánustu fjölskyldu. Sagan dregur vel fram í dagsljósið hvernig samfélagið jaðarsetur fátækt fólk enda er Systa ekki eina efnalitla konan sem er í sviðsljósinu heldur fá lesendur einnig að kynnast utangarðskonunni Lóló, alkóhólista sem býr á götunni, auk þess sem þeir fá veður af mansali og þrælahaldi á erlendum konum.<sup>3</sup> Í verkinu stingur Steinunn á fleiri samfélagskýli sem fela í sér útskúfun en fátækt því af mikilli næmni lýsir hún líka vanrækslu á börnum og alvarlegum áhrifum hennar með hliðsjón af sambandi Systu við móður sína.<sup>4</sup>

*Systu megin* er afar frumleg bók meðal annars fyrir þær sakir að í sögunni blandar Steinunn saman tveimur bókmenntagreinum: frásögn og leikriti. Aðferðin er einkar velheppnuð en í krafti hennar er Systu, jaðarsettri konu, gefin rödd og ásýnd um leið og lesendum er veitt innsýn í umhverfi fátæks fólks sem reynir að lifa af við afar bágbornar aðstæður. Í stuttum prósaköflum fá lesendur aðgang að hugarheimi Systu sem lýsir nokkuð nákvæmlega lífi sínu og örbirgð auk þess sem hún ræðir uppvöxt sinn og samskipti við föður sinn sáluga og nískupúkann móðurina. Samræður – eða leiktexti – eru síðan burðarstólpi verksins og marka framvindu en þar gefst lesendum kostur á að fá betri sýn á Systu, aðstæður hennar og fólkið sem hún umgengst.

Í þessari grein verður sjónum beint að persónu Systu og gefinn gaumur að því hvernig hún tekst á við erfiðan veruleika og höfnun jafnt í þröngu samhengi og víðu. Fjallað verður um persónuna sem flandrara (f. *flâneur* eða *flâneuse*) og þá samfélagslegu útskúfun sem fylgir fátækt. Í því skyni verður sérstaklega skoðað hvernig sýn flandarans og upplifun af borgarlífinu eru nýtt til að afhjúpa rötgróna stéttaskiptingu sem margir í hinum vestræna heimi eiga erfitt með að horfast í augu við. Þá verður dregið fram hvernig Steinunn notfærir sér ýmis einkenni hrollvekjunnar og gotneskra sagna til að varpa ljósi á vanræksluna sem Systa má þola í uppvextinum af hendi móð-

<sup>3</sup> Lára Björnsdóttir, fyrrverandi félagsmálastjóri Reykjavíkurborgar, var meðal fyrirlesara á fyrrnefndu málþingi um *Systu megin* en hún fjallaði um fátækt Systu og dró vel fram hvernig saga Steinunnar endurspeglar raunveruleika fátækra kvenna á Íslandi. Sjá Lára Björnsdóttir, „Systa, ein af sterku konunum hennar Steinunnar“, *Málþing, Systa í samastaðarígildinu*, Veröld, húsi Vigdísar, 10. mars 2022, sótt 22. maí 2022 af <https://livestream.com/hi/systumegin>.

<sup>4</sup> Ég hélt erindi á málþinginu um *Systu megin* en þar fjallaði ég um samband Systu við móður sína. Annar kafli þessarar greinar byggir að hluta til á fyrirlestri mínum. Sjá Guðrún Steinþórsdóttir, „Taktlaus og truntuleg Mammfreskja“, *Málþing, Systa í samastaðarígildinu*, Veröld, húsi Vigdísar, 10. mars 2022, sótt 22. maí 2022 af <https://livestream.com/hi/systumegin>.

ur sinnar og gerð grein fyrir afleiðingum hennar með tilliti til kenninga um tráma. Í greiningu á verkinu verður einnig litið til þess hvernig samfélagið og fjölskyldutengsl hefta frelsi Systu og ýta undir að hún sinni ákveðnum hlutverkum sem skerða sjálfstæði hennar.

### *Vettvangur daga Systu*

„Bókin er tileinkuð Reykjavík borg lífs míns“<sup>5</sup> stendur á saurblaði *Systu megin*. Það er vel við hæfi enda sú borg sögusvið margra skáldverka Steinunnar Sigurðardóttur, þar á meðal leiksögunnar sem hér er til umfjöllunar.<sup>6</sup> Systa ólst upp í dýrri íbúð á Fjólugötunni en þegar sagan hefst er staða hennar önnur; hún er bláfátæk utangarðskona sem dregur fram lífið með dósa-söfnun. Hún býr á Lokastíg þar sem hún leigir kjallaraíbúð með mjög lágrí lofthæð og hefur eingöngu aðgang að kemísku klósetti. Í íbúðinni er lítill óþnanlegur gluggi og engin eldunaraðstaða nema prímus. Samastaðarígildi<sup>7</sup> er sem sagt ekki beysið enda „eru það göturnar í borginni og göngustígarnir og stöku yfirgefinn róló bak við heiminn“ (7) sem eru vettvangur daga Systu. Einum þræði minnir persónan á flandrara því daglega arkar hún fremur stefnulaust um götur borgarinnar og hlakkar til að „sjá hvað garðarnir allir og göturnar og birtan og mannlífið“ (7) muni bjóða henni upp á.<sup>8</sup>

<sup>5</sup> Steinunn Sigurðardóttir, *Systu megin*, Reykjavík: Mál og menning, 2021, saurblað. Eftirleiðis verður vísað til bókarinnar með blaðsíðutali í sviga.

<sup>6</sup> Sem önnur dæmi má nefna *Tímaþjófinn* (1986), *Ástin fiskanna* (1993), *Frænkuturninn* (1998) og *Sólskinsbest* (2005).

<sup>7</sup> Með þessu orði er vísað í vistarverur Systu í bókinni en túlka má heitið sem skemmtilega vísun í bók Málfríðar Einarsdóttur, *Samstað í tilverunni* (1977). Málfríður átti eitt og annað sameiginlegt með persónunni Systu, til dæmis bjó hún í Reykjavík meginhluta ævi sinnar og var að mörgu leyti jaðarpersóna í því samfélagi sem hún lifði og hrærðist í meðal annars vegna kyns síns, stéttarstöðu og veikinda. Sjá til dæmis Guðrún Steinþórsdóttir, „Sú skúfun varð ævilöng“. *Um ritböfundinn Málfríði Einarsdóttur og verk hennar Úr sálarkirnunni*, meistararitgerð í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands, 2013. Ritgerðin er aðgengileg á Skemmunni: <https://skemman.is/handle/1946/14668>. Tekið skal fram að Steinunn og Málfríður voru vinkonur en sú fyrrnefnda las upp *Samstaðinn* í útvarpið auk þess sem hún tók viðtöl við þá síðarnefndu, þar á meðal afar eftirminnilegt útvarpsviðtal árið 1978. Sbr. Steinunn Sigurðardóttir, „Það sem skopast upp úr sálarkirnunni“, *RÚV*, 1978. Upp-töku af viðtalinu má nálgast hér: <https://www.ruv.is/frett/thad-sem-skoppast-uppur-salarkirnunni>.

<sup>8</sup> Eins og Guðni Elísson hefur bent á hefur Steinunn Sigurðardóttir áður skrifað um konur sem flandrara; til dæmis í skáldsögunum *Hjartastað* (1995) og *Hundrað dyr í golumni* (2002) auk þess sem ýmsir ljóðmælendur hennar reika stefnulaust um líkt og flandrara. Sjá Guðni Elísson, „Við sumarlangan veginn. *Hjartastaður* og vegafra-

Þótt Systa fari „ekki of mikið í „manngreiningarálit“ um fegurð einstakra borgarhluta, húsa og gatna“ (7) gerir hún sér „þó glaðan dag í huga og hjarta þegar uppáhaldshús og borgarhorn verður á vegi“ (7) hennar.

Hugmyndin um flandrarann hefur gjarnan verið rakin til lýsinga í ljóðum franska skáldsins Charles Baudelaire sem birtust í bókinni *Les Fleurs du Mal* 1857. Þar kemur glögglega fram „hvernig nútímalegur förumaður strætanna fer um, horfir og drekkur í sig borgarlífið, baðar sig í framandleika þess; er í senn nær og fjær“ eins og Ástráður Eysteinnsson hefur bent á.<sup>9</sup> Skilgreiningin á flandrarannum hefur tekið breytingum frá því á nítjándu öld í takt við samfélagsbreytingar og tækninýjungar en enn markast hún þó af því að flandrarinn hafi engum sérstökum skyldum að gegna og geti því leyft sér að slæpast, hanga á kaffihúsum, fylgjast óáreittur með mannlífínu og röлта um borgina. Ólíkt öðrum borgarbúum hefur flandrarinn því engan annan tilgang í borginni en að vera þar. Borgin er síbreytilegt fyrirbæri en með ferðum sínum og upplifun getur flandrarinn varpað ljósi á borgarlífið án þess þó að vera sérstaklega tengdur við tíma eða rúm. Þótt flandrarar séu eins misjafnir og þeir eru margir hefur verið litið á þá sem afsprengi borgarinnar og um leið höfunda hennar; það er að segja með hliðsjón af því hvernig þeir upplifa borgina þegar þeir til dæmis arka um hana, kaupa inn eða gefa sig á tal við aðra borgarbúa.<sup>10</sup>

Sýn Systu á Reykjavík er einstök en með lýsingum sínum dregur hún upp forvitnilega mynd af borginni og um leið af samfélaginu og menningunni sem þar ríkir og mótast hefur af borgarlífínu. Guðni Elísson hefur bent á að sífelld hreyfing sé einkennandi fyrir ljóðmælendur Steinunnar „hvort sem þeir ráfa um götur borganna, halda eftir teinum lestanna, eða út á vegina. Stundum eru þeir á hröðum flótta undan sjálfum sér“ en „í öðrum tilvikum

---

sagnir“, *Hef ég verið hér áður? Skáldskapur Steinunnar Sigurðardóttur*, Reykjavík: Bókmennta- og listfræðastofnun, Háskólaútgáfan, 2011, bls. 89–111, hér bls. 95–96.

<sup>9</sup> Ástráður Eysteinnsson, „Hlið við hlið. Tapað-fundið í framandi borgum“, *Ritið* 2/2018, bls. 17–49, hér bls. 30.

<sup>10</sup> Elfriede Dreyer og Estelle McDowall, „Imagining the *flâneur* as a woman“, *Communicatio* 38: 1/2012, bls. 30–44, hér bls. 31–32. Eitt helsta hlutverk listamanna er að greina ríkjandi samfélag en því þarf ekki að koma á óvart að margir þeirra hafi verið flandrarar; sem dæmi má nefna Leo Tolstoy, Virginíu Woolf, Agnèsi Varda og Leonard Cohen. Sbr. Derrick Leon, *Tolstoy. His Life and Work*, Routledge, 2015; Lauren Elkin, *Flâneuse. Women Walk the City in Paris, New York, Tokyo, Venice, and London*, New York: Farrar, Straus og Giroux, 2018 og Robert Kilborn, „Step out smartly into spring“, *Westmount Magazine*, sótt 8. ágúst 2022 af <https://www.westmount-mag.ca/step-out-smartly-into-spring/>.

leiðir ferðin til vaxandi skilnings á sjálfum sér og umhverfi sínu.<sup>11</sup> Orð Guðna má heimfæra á persónu Systu. Stöðugt flakk hennar um borgina er sumpart flótti frá erfiðum veruleika en í sömu mund er það þó einnig tilraun til að skapa ákveðinn stöðugleika í lífinu. Ferðalag Systu um Reykjavík hefur enda skýran tilgang; hún safnar dósnum til að lifa af og forða þannig sjálfri sér „frá því að vera óbilandi baggi“ (56) á bróður sínum, mömmu og þjóðfélaginu öllu.

Fátæktin er ástæða þess að Systa hefur þurft að segja skilið við hið hefðbundna borgaralega líf. Hún er utangarðs í samfélaginu en um leið sjálfstæð því hún stjórnar tíma sínum sjálf.<sup>12</sup> Frásögn Systu markast eðlilega af því að hún er efnalítill. Hún lýsir sínum eftirlætis stöðum, sem eru allir utandyra, en ljóst er að hún unir sér best miðsvæðis í hjarta borgarinnar. Þótt Reykjavík sé vissulega borg – jafnt í raunheimi og söguheimi *Systu megin* – er hún ekki stórborg á við París, London eða New York þar sem auðvelt er fyrir flandrara að tynast í mannfjöldanum. Engu að síður tekst Systu að mörgu leyti að uppfylla skilyrðin fyrir því að geta kallast flandrari. Á óskipulagðri göngu sinni um borgina reikar hún gjarnan á milli ólíkra áfangastaða í leit að skjóli til að hlýja sér; til að mynda í Björnsbakarí á Hringbraut, Bónus á Granda og Umferðarmiðstöðinni. Sökum fátæktar situr Systa ekki löngum stundum á kaffihúsum þótt það komi fyrir að hún leyfi sér að kaupa kaffi í Kaffivagninum á Grandagarði. Allir staðirnir sem Systa heimsækir eiga það sameiginlegt að nokkuð einfalt er að tynast þar í þeirri merkingu að þeir eru býsna fjölfarnir; margir fara þar um án þess að staldra lengi við, hvað þá að fylgjast sérstaklega með næsta manni.<sup>13</sup> Þannig getur Systa orðið ein af fjöldanum og virt fyrir sér ríkulegt mannlífið án þess að tengjast nokkrum persónuböndum.

Systa er þó ekki eins ósýnileg og hún myndi gjarnan vilja vera. Það þarf ekki að koma á óvart því í gegnum tíðina hefur staða karla og kvenna sem flandrara verið misjöfn en lengi vel var ekki einu sinni fjallað um konur sem flandrara.<sup>14</sup> Það hefur enda verið bent á að konur hafi einatt ekki haft sama

<sup>11</sup> Guðni Elísson, „Við sumarlangan veginn. *Hjartastadur* og vegafrásagnir“, bls. 96. Máli sínu til stuðnings vísar Guðni í valin ljóð Steinunnar úr ljóðabókunum *Hugástir* (1999), *Kúaskítur og norðurljós* (1991) og *Kartöfluprinsessan* (1987).

<sup>12</sup> Sbr. Viðar Hreinsson, „Systa í samastaðarígildinu“, *Málþing, Systa í samastaðarígildinu*, Veröld, húsi Vigdísar, 10. mars 2022, sótt 22. maí 2022 af <https://livestream.com/hi/systemegin>.

<sup>13</sup> Í lýsingu á Bónusferðum Systu er sérstaklega tekið fram að: „Þar [megi] ylja sér ótakmarkað og enginn fylgist með.“ (11)

<sup>14</sup> Sjá til dæmis Janet Wolff „The Invisible Flâneuse. Women and the Literature of

frelsi og karlarnir til að fara óhindrað um borgina, reika stefnulaust á milli staða eða láta sig hverfa í fjöldann. Konur eigi nefnilega frekar á hættu að verða fyrir ofbeldi á götum úti auk þess sem þær séu stöðugt undir hinu karlæga augnaráði (e. *male gaze*) sem meti bæði líkama þeirra og framkomu.<sup>15</sup> Þótt karlinn sé hvergi nærri konunni hvílir hið kynjaða augnarád ávallt á henni hvert sem hún fer og hvar sem hún er eða eins og rithöfundurinn Margaret Atwood orðar það: „[...] það er alltaf verið að kíkja á þig gegnum skráargatið, gegnum skráargatið í höfði þínu ef ekki annars staðar. Þú ert kona með karl í höfðinu sem er að horfa á konu. Þú ert þinn eigin glápari.“<sup>16</sup>

Systa finnur svo sannarlega fyrir þessu óþægilega glápi en það er þó ekki eingöngu til komið vegna þess að hún er kona heldur skiptir líka máli að hún er fátækur dósasafnari. Á ferðalagi sínu um borgina dregur hún á eftir sér vagn þar sem hún kemur dósunum fyrir en því sést bersýnilega utan á henni að hún tilheyrir lægstu stétt samfélagsins. Flandur Systu um borgina kemur sem sagt ekki til af góðu en hún er meðvituð um að víða er nærveru hennar ekki óskað; til dæmis í verslunum Kringlunnar. (162) Fátæktin hefur auk þess þau áhrif að í augum sumra borgarbúa og nánustu fjölskyldu er Systa greinilega óþægilegur aðskotahlutur í borginni, einstaklingur sem ekki á að láta sjá sig á götum úti. Þannig er því til að mynda lýst að jólafólk „gjóar vanþóknunaraugum“ (16) á hana og stallsystur hennar Lóló, sem er einfættur alkóhólisti, þegar þær sitja saman í strætóbiðskýli á aðfangadag en ein konan úr hópnium segir beinlínis: „Svona lýður eins og þið eigið ekkert með að teppa biðskýlin fyrir farþegum.“ (17) Brósi, bróðir Systu, kallar hana

---

Modernity“, *Theory, Culture and Society* 3/1985, bls. 37–46 og Lauren Elkin, *Flâneuse. Women Walk the City in Paris, New York, Tokyo, Venice, and London*.

<sup>15</sup> Elfriede Dreyer og Estelle McDowall, „Imagining the *flâneur* as a woman“, bls. 39–40 og Arnar Adhikari, „The Case for the *Flâneuse*“, *The Atlantic*, 2. mars 2017, sótt 26. maí af [https://www.theatlantic.com/entertainment/archive/2017/03/reclaiming-the-cityscape-for-women/517629/?fbclid=IwAR2bHcPgjOkzhf2Zi1UIoyvUukDb0c4DLQ\\_PELoReahGi2OF1nKofrlnCk0](https://www.theatlantic.com/entertainment/archive/2017/03/reclaiming-the-cityscape-for-women/517629/?fbclid=IwAR2bHcPgjOkzhf2Zi1UIoyvUukDb0c4DLQ_PELoReahGi2OF1nKofrlnCk0). Í þessu samhengi má nefna að ýmsir íslenskir kvenrithöfundar, þar á meðal Steinunn Sigurðardóttir, hafa í skáldskap sínum lýst ótta kvenna um að á þær verði ráðist af körlum þegar þær ganga einar heim að kvöld- eða næturlagi. Sjá nánar umfjöllun Soffíu Auðar Birgisdóttur, „Þessi tvífætta villibráð“, *Fléttur V. #METOO*, ritstjórar Elín Björk Jóhannsdóttir, Kristín I. Pálsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, Reykjavík: Háskólaútgáfan og RIKK, 2020, bls. 33–55.

<sup>16</sup> „You are a woman with a man inside watching a woman. You are your own voyeur“. Tilvitnunin og þýðning hennar er hér höfð eftir Dagnýju Kristjánsdóttur, „Ásta verður til. Um ímynd og höfundarvirki Ástu Sigurðardóttur“, *Astusögur. Lif og list Ástu Sigurðardóttur*, ritstjórar Guðrún Steinþórsdóttir og Sigrún Margrét Guðmundsdóttir, Reykjavík: Lesstofan, 2021, bls. 18–52, hér bls. 31.

tunnurottu og líður að eigin sögn fyrir það í einkalífínu að eiga systur eins og hana; því dósastarfið er jú „[ó]lekkert. Gasalegt til afspurnar.“ (38) Bæði hann og móðir þeirra hafa þess vegna harðbannað henni „að fara í tunnur í miðbænum, nálægt bústöðum“ (55) þeirra. Fram kemur að móðir Systu gefi henni strætókort í jólagjöf með þeim orðum að hún geti til dæmis nýtt það til að skoða útsýnið í Breiðholti. Jólagjöfina má túlka sem aðferð móðurinnar til að losna við Systu úr miðbænum eða úr hennar nánasta umhverfi.

Afstaða fjölskyldumeðlima Systu – og óþægilegt augnaráð þeirra í huga hennar – gerir hana enn meðvitaðri en ella um eigin samfélagsstöðu og heftir því um leið frelsi hennar til að fara um borgina. Hún sér sig knúna til að fara huldu höfði þegar hún gægist í tunnur samborgara sinna og ekki þarf að undra að gamli kirkjugarðurinn sé hennar helsti sælureitur í borginni. Þar getur hún að „öðru jöfnu [verið] ósýnileg eins og [hún] á að vera með vagndrösulinn“ (9, skáletrun mín), hvílt sig og spunnið upp sögur um hina framliðnu sem hún hefur í huganum vingast við.<sup>17</sup> Veran í kirkjugarðinum og hin ímyndaða vinátta undirstrika vel stöðu Systu í tilverunni; hún er einstæðingur sem lifir á jaðrinum.

Í skrifum um flandarann líkti Walter Benjamin borgarmyndinni við völunderhús sem flandarinn flæktist um.<sup>18</sup> Það á vel við um borg Systu því þótt hún sé ratvís er hún að sýnu leyti villt eða föst innan marka Reykjavíkur og þá ekki síst vegna jaðarstöðu sinnar. Hún kallar ferðir sínar um borgina „eyðimerkurgöngu“ (10) en úr heimabænum á hún sér engrar undankomu auðið eins og er dregið fram á írónískan hátt í lýsingu á því hvernig hún fer á Umferðarmiðstöðina og fylgist með öðru fólki koma og fara með flugrútnni á meðan hún sjálf situr sem fastast.<sup>19</sup> Í sömu mund og borgin takmarkar

<sup>17</sup> Sbr. Steinunn Sigurðardóttir, *Systu megin*, bls. 9. Lýsingin á Systu í kirkjugarðinum á sér sumpart hliðstæðu í annarri sögu eftir Steinunni, nánar tiltekið *Jójó*. Þar segir frá persónunni Martini sem tekst á við afleiðingar nauðgunar með hjálp ímyndunarafslans. Hann ímyndar sér að Herr Sommer og Frau Luft, látnir einstaklingar, sem eru grafin hlið við hlið og voru einhleyp í jarðlífinu séu orðin hjón í eftirlífínu. Í hugarheimi hans taka „hjónin“ hann að sér, trúa honum þegar hann segir frá ofbeldinu og veita honum þá umhyggju sem hann þarfnast. Sjá nánar Steinunn Sigurðardóttir, *Jójó*, Reykjavík: Bjartur, 2011, bls. 96 og umfjöllun Guðrúnar Steinþórsdóttur, „Frá *Hugástum* til *Systu megin*“, *Bókmenntavefur*, 2021, sótt 3. ágúst 2022 af <https://bokmenntaborgin.is/bokmenntavefur/hofundar/steinunn-sigurdardottir>.

<sup>18</sup> Walter Benjamin, *Charles Baudelaire. A lyric poet in the era of high capitalism*, þýðandi Harry Zohn, London og New York: Verso, 1997, bls. 54.

<sup>19</sup> Þess má geta að Steinunn nýtir markvisst hómor og íróníu í leiksögunni til að veita upp á móti alvarleika hennar eins og hún hefur gjarnan gert í fyrri verkum, til dæmis í *Síðasta orðinu* (1990), *Hugástum* (1999), *Sólskinsbesti* (2005) og *Jójó* (2011).

frelsi Systu nýtir hún sér hana þó markvisst sem stað til að sanna sjálfstæði sitt og komast í burtu frá fjölskyldu sinni; rétt eins og margir aðrir kvenflandrarar hafa gert.<sup>20</sup> Systa á nefnilega að baki erfiða reynslu og hefur alla tíð reynt að sleppa undan ægivaldi móður sinnar og standa á eigin fótum. Til að skilja betur stöðu persónunnar og frelsisþrá er nauðsynlegt að gefa uppvexti hennar og fjölskyldu nánari gaum; ekki síst sambandi hennar við móður sína.

## Taktlaus og truntuleg Mammfreskja

„Móðirin er hin sanna uppspretta óttans.“<sup>21</sup>

Úr *Faðir og móðir og dulmagn bernskunnar* eftir Guðberg Bergsson

Í ýmsum sögum Steinunnar Sigurðardóttur, þar á meðal *Systu megin*, leikur samband foreldra og barna stórt hlutverk en stundum eru samskiptin erfið og þá ekki síst á milli afkvæmis og móður. Í *Tímaþjófnum* (1986) kemur til að mynda fram að Alda hafi átt í stríðum samskiptum við móður sína en sambandið við föðurinn hafi aftur á móti verið afar gott. Sömu sögu má segja um Hörpu Eir í *Hjartastað* (1995) og þótt hún reyni síðar meir að standa sig í móðurhlutverkinu endurtekur sagan sig því samband hennar við dótturina er alveg jafn stirt og það var við hennar eigin móður.<sup>22</sup> Í sumum tilvikum hafa foreldrar í bókum Steinunnar gerst sekir um að vanrækja börnin sín eða beita þau ofbeldi. Það á til dæmis við um Beatrís í *Föklaleikhúsinu* (2001) en hún var alin upp af áfengissjúkri móður sem beitti hana sálrænu ofbeldi.

<sup>20</sup> Sbr. viðtal við Lauren Elkin um kvenflandrarar, sjá Arnar Adhikari, „The Case for the *Flâneuse*“. Í íslenskum bókmenntum má finna kvenflandrarar af þessu tagi; til dæmis í smásögu Ástu Sigurðardóttur; *Gata í rigningu* (1951) og í skáldsögu Vigdísar Grímsdóttur; *Stúlkan í skóginum* (1992).

<sup>21</sup> Guðbergur Bergsson, *Faðir og móðir og dulmagn bernskunnar*, Reykjavík: JPV útgáfa, 1997, bls. 48.

<sup>22</sup> Sjá nánar fræðilega umfjöllun: Alda Björk Valdimarsdóttir, „Á frátekna staðnum fyrir mig“. Ást og dauði í *Tímaþjófnum* í ljósi sálgreiningar“, *Hef ég verið hér áður? Skáldskapur Steinunnar Sigurðardóttur*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, Bókmennta- og listfræðastofnun, 2011, bls. 113–134, hér bls. 115; Guðni Elísson, „Við sumarlangan veginn. *Hjartastaður* og vegafrásagnir“, bls. 89–111; Dagný Kristjánsdóttir og Katrín María Víðisdóttir, „Í frásagnarspeglasalnum. Um *Sólskinsbest* Steinunnar Sigurðardóttur“, *Fléttur III. Jafnrétti, menning, samfélag*, ritstjórar Annadís Gréta Rúdólfssdóttir, Guðni Elísson, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Irma Erlingsdóttir, Reykjavík: Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum og Háskólaútgáfan, 2014, bls. 174–195, hér bls. 175. Tekið skal fram að í umfjöllun um *Hjartastað*, í meginmáli, er átt við samskipti Hörpu Eirar við uppeldisföður sinn en ekki líffræðilegan föður.



Martin, aðalpersóna *Jójó* (2011), kýs að loka á foreldra sína eftir að þau bregðast honum þegar þau neita að horfast í augu við að honum hafi verið nauðgað, þá barni að aldri, þrátt fyrir ótvíræð sönnunargögn. Í sömu bók – og í framhaldsbókinni *Fyrir Lísu* (2012) – segir einnig frá öðrum börnum sem beitt hafa verið kynferðislegu ofbeldi af feðrum sínum en engan stuðning fengið frá mæðrunum. Meginumfjöllunarefni *Sólskinsbests* (2005) er síðan vanræksla á systkinunum Lillu og Mumma en af tveimur óhæfum uppalendum stendur faðir þeirra sig þó betur í að annast þau.<sup>23</sup>

Þótt form og efnistöð séu gagnólík má segja að í *Systu megin* taki Steinunn sumpart upp þráðinn úr *Sólskinsbesti* því þar fjallar hún einnig gaumgæfilega um vanrækslu á systkinum og áhrif hennar. Í leiksögunni er það þó aðeins móðirin sem ekki stendur sig sem uppalandi. Foreldrarnir mynda raunar fullkomnar andstæður; mamman er köld og ástlaus en pabbinn umhyggjusamur, blíður og hlýr. Þegar sagan gerist er faðirinn löngu látinn en móðirin, sem er vel stödd fjárhagslega, er, eins og í uppeldi Systu, fremur sinnulaus um líf og velferð dóttur sinnar sem komin er á fertugsaldurinn. Það er í einum samræðukafla sem mamman kemur í heimsókn til dóttur sinnar með jólaglaðning á aðfangadag, annars kynnast lesendur henni eingöngu í gegnum upprifjun Systu og samtöl hennar við Brósa bróður. Þótt móðirin eigi að heita aukapersóna í sögunni er nærvera hennar yfirþyrmandi og greinilegt að áhrif hennar á líf dótturinnar eru umtalsverð og geta því að hluta skýrt stöðu Systu í því samfélagi sem hún lifir og hrærist í.

Til að útskýra betur uppvöxt Systu og Brósa er vert að rifja upp helstu birtingarmyndir vanrækslunnar á þeim. Faðir systkinanna var sjómaður en þegar hann var í landi var hann verndari sem lét sér annt um börnin, sá til þess að þau fengju nóg að borða, keypti á þau föt, las fyrir þau bókmenntir og gaf þeim góðar gjafir á jölunum. Hann lést þegar Systa var 14 ára en Brósi 12 ára. Fráfall hans var þeim harmdauði því ólíkt honum var móðir þeirra algjör nirfill sem vanrækti þau á ýmsan máta. Þegar systkinin voru að alast upp tímdi hún til að mynda ekki að kaupa fatnað á þau og sá á eftir hverjum bita sem þau létu ofan í sig þó að hún hefði nóg á milli handanna. Samkvæmt

<sup>23</sup> Sbr. til dæmis Alda Björk Valdimarsdóttir, „Á tímum VARANLEGRA ÁSTAR-SORGA“. Ástin, dauðinn og lesandinn í þremur skáldsögum eftir Steinunni Sigurðardóttur“, *Hef ég verið hér áður? Skáldskapur Steinunnar Sigurðardóttur*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, Bókmennta- og listfræðastofnun, 2011, bls. 135–164; Dagný Kristjánsdóttir og Katrín María Víðisdóttir, „Í frásagnarspeglasalnum“, bls. 113–134; Dagný Kristjánsdóttir, „Barnaleikur. Um tráma, minni og gleymsku í *Jójó* eftir Steinunni Sigurðardóttur“, *Skírnir* vor/2013, bls. 178–195 og Guðrún Steinþórsdóttir, „Frá *Hugástum* til *Systu megin*“.

Systu gekk „[í]skyggilegur samansaumur“ (156) móðurinnar „svo langt að það átti að vera slátur helst í alla mata“ (156) auk þess sem „hún frysti einn tíunda úr rabbarbaralegg, ef hann skyldi hafa gengið af.“ (117) Þótt faðir barnanna og móðursystir hafi reynt að koma með mat inn á heimilið dugði það ekki til því matnáska móðurinnar hafði þær afleiðingar að systkinin voru langsoltin og vannærð „á köflum rösul og gríðarlegar hornasir. Alltaf grindhoruð eins og gefur að skilja og gerðu jafnvel skólalækna“ (158) athugasemdir við holdafar beggja; sem virtust þó ekki hafa skilað sér til barnaverndar. Opinbera kerfið brást því systkinunum; vitneskjan um vanræksluna var fyrir hendi en ekkert var gert til að bjarga börnunum úr óheilbrigðum aðstæðum.

Vanræksla móðurinnar skín einnig af sinnuleysi hennar í garð barnanna og skorti á atlotum en hún snerti aldrei Systu eða faðmaði þegar hún var að alast upp hvað þá að hún hrósaði henni eða hvetti áfram. Hún var yfirgengilega stjórnslöm og brást vanalega illa við þegar faðirinn reyndi að sinna börnunum. Nærvera móðurinnar var sem sagt taktlaus og truntuleg nema á aðfangadagskvöldum en þá var hún með „alskásta móti ... allt að því normal“ (28) svo vitnað sé í frásögn Systu. Þrátt fyrir góðmennsku föðurins virðast foreldrarnir ekki hafa haft fyrir því að gefa börnum sínum nöfn en í leiksögunni ganga þau ætíð undir gælunöfnunum Systa og Brósi. Nafnleysið er því enn eitt dæmið um vanræksluna. Til að toppa áhugaleysi móðurinnar kemur einnig fram að hún man hvorki hvað Systa er gömul né hvaða dag hún er fædd þótt hún telji að það hafi verið í nóvember; í eilífum sudda.<sup>24</sup>

Móðir systkinanna minnir á vondar mæður úr hrollvekjum sem eiga það sameiginlegt að vera bæði drottunargjarnar og ráðríkar gagnvart börnum sínum.<sup>25</sup> Í sömu mund er hún dæmi um mömmu sem gefur ekkert af sér,

<sup>24</sup> Steinunn Sigurðardóttir, *Systu megín*, bls. 68. Þess má geta að umfjöllunin um vanrækslu Systu og Brósa minnir í ýmsu á aðbúnað barnanna sem greint er frá í *Sólskinsbesti* en þar er þó lögð meiri áhersla á að lýsa æsku persóna en í *Systu megín*. Þegar systkinin í *Sólskinsbesti*, Lilla og Mummi, alast upp eru foreldrar þeirra uppteknir í vinnu sinni sem lækna og hafa lítinn sem engan áhuga á börnum sínum. Sú eina sem þeim sinnir er þýska húshjálpin Magda en þegar hún er óvænt látin fara sér Lilla sig knúna til að taka við starfi hennar, þrifa húsið, þvo þvottinn og hugsa bæði um sjálfa sig og ungan bróður sinn. Í sögunni kemur auk þess fram að foreldrarnir hafa ekki haft fyrir því að nefna dóttur sína, hún er einatt kölluð Lilla þangað til að æskukerastinn gefur henni nafnið Lí. Sbr. Steinunn Sigurðardóttir, *Sólskinsbestur*, Reykjavík: Mál og menning, 2005.

<sup>25</sup> Barbara Creed, *The Monstrous-Feminine. Film, feminism, psychoanalysis*, London og New York: Routledge, 1993, bls. 139. Í þessu samhengi má til dæmis minnast mammfreskjanna í hrollvekjum *Psycho* (1960), *Carrie* (1976) og *Friday the 13th*

sinnir ekki þörfum afkvæma sinna og misbýður þeim á ýmsa vegu.<sup>26</sup> Það skyldi því engan undra að í samtölum sín á milli vísi Systa og Brósi til móður sinnar með orðum á borð við mammið, jólafressið og Mammfreskjan.<sup>27</sup> Viðurnefnin eiga það sameiginlegt að undirstrika illsku móðurinnar; hún er ógnvaldur, skaðræði sem hefur ekki staðið sig í móðurhlutverkinu. Það er því einkar írónískt að hún skuli bæði vera félagi í björgunarsveitinni og mæðrastyrksnefnd. Hún sér meðal annars um að útdeila matarpökkum til þeirra sem minna mega sín en þannig leggur hún sig fram við að hugsa um annað fólk en sitt nánasta sem þó þarf nauðsynlega á hjálp að halda. Sjálfboðavininn minnir á að skrímsli samfélagsins eru alls ekki alltaf auðþekkjangleg; gjarnan sýna þau eitt andlit út á við en annað innan veggja heimilisins.<sup>28</sup>

Það er rökrétt að afstaða systkinanna til móðurinnar sé mjög neikvæð. Þau sakna hins ljúfa föður enda viss um að líf þeirra hefði þróast á annan veg, hefði hans notið lengur við. Ekki er útilokað að svarthvít viðhorf systkinanna til foreldranna markist þó að einhverju leyti af því að faðir þeirra var oft fjarverandi í uppeldinu og lést þegar þau voru börn þannig að einfaldara er fyrir þau en ella að draga upp helgimynd af honum og ímynda sér hann sem hinn fullkomna uppalandi eða sem algjöra andstæðu móðurinnar. Faðirinn stóð sig þó ekki sem skyldi í foreldrahlutverkinu því samkvæmt flokkunarkerfi

---

(1980). Sjá sama heimild, bls. 139. Vert er að nefna að í ritdómi um *Systu megin* líkir Gauti Kristmannsson móðurinni við stjúpu ævintýranna en sú líking undirstrikar vitaskuld einnig vanrækslu hennar. Sjá Gauti Kristmannsson, „Lesandi hrifinn úr stofunni inn í erfiðan veruleika“, *RÚV* 26. október 2021, sótt 17. júní 2022 af <https://www.ruv.is/frett/2021/10/26/lesandi-hrifinn-ur-stofunni-inn-i-erfidan-veruleika>.

<sup>26</sup> Í bókinni *Árin sem enginn man* gerir Sæunn Kjartansdóttir sálgreinandi grein fyrir muninum á góðum mömmum og vondum en samkvæmt henni er vond mamma „sú sem vanrækir barnið sitt, lætur sig ekki varða hvernig því líður, sinnir ekki þörfum þess, skaðar það eða misbýður á einhvern hátt.“ Sæunn Kjartansdóttir, *Árin sem enginn man. Ábrif frumberskunnar á börn og fullorðna*, Reykjavík: Mál og menning, 2009, bls. 42. Eins og sjá má rímar lýsing Sæunnar á vondri mömmu vel við frásögn Systu af móður sinni.

<sup>27</sup> Steinunn Sigurðardóttir, *Systu megin*, bls. 134, 104 og 53. Gaman er að geta þess að orðið „mammfreskja“ er eitt af fjölmörgum nýyrðum Steinunnar í *Systu megin* en hún er annálúð fyrir að smíða ný orð eins og Þorleifur Haukson hefur fjallað um í greininni „Orðasmíð í ljóðmáli Steinunnar Sigurðardóttur“, *Tímarit Máls og menningar* 1/2021, bls. 70–81.

<sup>28</sup> Hér má minna á að í umræðu, síðustu áratugi, um ofbeldi – og ekki síst kynferðislegt ofbeldi – hefur verið lögð áhersla á að gerendur ofbeldis myndi fjölbreyttan hóp og að ofbeldisfólk megi finna í hverri fjölskyldu. Sbr. til dæmis Sæunn Kjartansdóttir, *Hvað gengur fólki til? Leit sálgreiningar að skilningi*, Reykjavík: Mál og menning, 1999, bls. 112–113; „Kynferðisofbeldi“, *Stígamót*, 2022, sótt 5. júní 2022 af <https://stigamot.is/kynferdisofbeldi/>.

barnaverndar er það merki um vanrækslu að skilja börn sín eftir hjá óhæfum einstaklingi rétt eins og hann gerði þegar hann fór á sjóinn.<sup>29</sup>

Á þeim tíma sem sagan gerist býr móðirin enn á Fjólugötu og á tugi milljóna inni á bankabók en sér þó ekki sóma sinn í því að styrkja dóttur sína sem þarf að horfa í hvern eyri og skammta sér afar naumlega bæði mat og drykk. Þegar mamman heimsækir Systu á aðfangadag færir hún henni að vísu matarpakka, sem varð afgangs í úthlutun mæðrastyrksnefndar, og gefur henni í jólagjöf sundkort, svo hún geti þrífð sig, og fyrrnefnt strætókort. Auk þess kemur fram að hún greiði alltaf kirkjugarðsgjald dótturinnar. Mamman er sem sagt tilbúin að styrkja dóttur sína í dauðanum en ekki í lífinu. Lýsingar á gjöfum móðurinnar og meintum stuðningi markast auðvitað af leiftrandi írónu en þær eiga það sameiginlegt að undirstrika áframhaldandi vanrækslu hennar. Í hrollvekjum sem fjalla um mammfreskjur er algengt að illska þeirra standi fyrir það sem samfélagið óttast hverju sinni.<sup>30</sup> Lýsingar á móðurinni í *Systu megin* eru vitaskuld ýktar en freistandi er að túlka yfirgengilega nísku hennar og vanrækslu sem tákn fyrir ráðandi öfl í samfélaginu sem hafa peningavöld en kjósa að nýta féð í annað en að hjálpa þeim sem helst þurfa á því að halda. Í bókinni felst því hörð gagnrýni á íslenskt samfélag sem leyfir fátækt að viðgangast þótt hér ættu allir að geta lifað mannsæmandi lífi.

Í heimsókninni ávarpar móðir Systu hana aldrei með nafni en þess í stað kallar hún hana fimm sinnum „vænu“.<sup>31</sup> Nafngiftin kann að orka niðrandi en hana má líka túlka sem vísbendingu um að í huga mömmunnar sé Systa ekki orðin fullorðin, hún sé enn barn sem ala þurfi upp.<sup>32</sup> Þá tilgátu styður

<sup>29</sup> Freydís J. Freysteinsdóttir, *Skilgreiningar og flokkunarkerfi í barnavernd*, Barnaverndarstofa, 2012, önnur útgáfa, bls. 6–7.

<sup>30</sup> Tracy Stephenson Shaffer, „Putting Popular Culture to Work. Monsters and Ghosts in *Blasphemies on Forever*“, *Liminalities. A Journal of Performance Studies* 2/2012, bls. 1–8, hér bls. 5 og Steven Schneider, „Monsters as (Uncanny) Metaphors. Freud, Lakoff, and the Representation of Monstrosity in Cinematic Horror“, *Other Voices* 1: 3/1999.

<sup>31</sup> Steinunn Sigurðardóttir, *Systu megin*, bls. 64–71.

<sup>32</sup> Tamar Hager og Omri Herzog hafa bent á að flokka megi vondar mæður í hrollvekjum í tvo flokka; annars vegar eru það mæður sem eru fjarlægjar, kuldalegar og vanrækja því börnin sín og hins vegar eru það þær sem halda áfram að mæðra börnin, það er veita þeim óendalega ást og tryggð, þótt þau séu orðin fullorðin en þannig koma hinar vondu mæður í veg fyrir að börnin fái tækifæri til að þroskast almennilega sem einstaklingar. Þótt móðir Systu falli frekar í fyrrnefnda flokkinn má greina einkenni úr þeim síðari í fari hennar; eins og umræðan í meginmáli vitnar um. Tamar Hager og Omri Herzog, „The Battle of Bad Mothers. The Film *Mama*

boð hennar um að Systa sé „alltaf velkomin í bað“ (66) hjá sér á æskuheimilinu. Orðaskipti mæðgnanna í kjölfarið eru allrar athygli verð en þau hljóma á þessa leið:

Systa:

Þakka þér fyrir. Það kemur ekki til.

Mamma:

Nú? Það er ókeypis fyrir þig. Stutt að fara.

Systa:

Ég á ekki góðar minningar úr þessu baðkari.

Mamma:

Síðan hvenær á einhver minningar úr baðkari?

Systa:

Mig verkjaði í hendurnar þegar ég var að skrúbba það.

Mamma:

Þú fórst auðvitað of seint til læknis. Þú hafðir ekki hugsun á að panta þér tíma.

Systa:

Og Pabbi minn var dáinn. Ekki gat hann pantað tímann. (66)

Óhugnaður fortíðar liggur í því ósagða. Minning Systu er sár en þar sem að lesendur fá ekki fullan aðgang að henni er ýtt undir að þeir nýti ímyndunaraflið til hins ýtrasta og geti í eyður textans. Með hliðsjón af framkomu móðurrinnar, á æskuárum dótturinnar, má velta því fyrir sér hvort vanrækslan í uppvextinum hafi verið mörkuð sálrænu ofbeldi.<sup>33</sup> Systa var líklega táningur

---

as a Commentary on the Judgment of Solomon and on Contemporary Motherhood“, *Journal of the Motherhood Initiative for Research and Community Involvement* 6: 1/2015, bls. 121–132, hér bls. 125.

<sup>33</sup> Hér er freistandi að minnast ævisögunnar *Mommy Dearest* (1978), eftir Christinu Crawford, og samnefndrar kvikmyndar sem frumsýnd var árið 1981. Christina var kjördóttir Hollywoodleikkonunnar Joan Crawford en í bók sinni greinir hún frá því að mamma hennar hafi verið mammfreskja sem beitti hana jafnt sálrænu og líkamslegu ofbeldi. Hún segir meðal annars frá því að móðir hennar hafi vakið hana um

þegar þrífín áttu sér stað en ekki er ljóst hvort hún hafi sinnt þeim sjálfviljug eftir fráfall föður síns eða hvort hún hafi verið að hlýða tilskipunum móður sinnar. Þótt ekki sé óeðlilegt að unglingur taki þátt í heimilisstörfum vekur líkamlegi sársaukinn sem Systa minnst upp þá spurningu hvort móðirin hafi þvingað hana til athafna sem hún átti erfitt með að sinna.<sup>34</sup> Verkirnir eru líkast til fylgífiskur gigtarinnar sem hrjáir Systu en ekki er að sjá á samtali þeirra mæðgna að mamman hafi gefið líðan dóttur sinnar gaum á sínum tíma, haft með henni samlíðun eða fundist það vera í sínum verkahring að fara með hana til læknis.<sup>35</sup> Aðgerðarleysi móðurinnar er því enn eitt dæmið um vanræksluna sem hún beitti Systu, á uppvaxtarárum hennar, og undirstrikar sömuleiðis hina lúmsku illsku sem hún sýndi henni; gjarnan með því að gera nákvæmlega „ekki neitt“.<sup>36</sup>

Æskuheimili Systu – íbúðin á Fjólugötu – er yfirráðasvæði móðurinnar í fortíð og nútíð.<sup>37</sup> Þótt heimilið sé ekki þungamiðja sögunnar eins og til dæmis fjölskylduhúsið í *Sólskinsbesti*<sup>38</sup> gegnir það áþekku hlutverki því það

---

nótt og pínit hana til að þrífa baðherbergi sem henni fannst ekki nógu vel þrifið. Í kvikmyndinni er þessu atriði gerð góð skil en það má nálgast hér: <https://www.youtube.com/watch?v=YUV-Nwqs3BU>.

<sup>34</sup> Misjafnt er hvernig sálrænt/andlegt ofbeldi er skilgreint en þvingun til ákveðinna athafna hefur verið talið dæmi um það. Ingólfur V. Gíslason, *Ofbeldi í nánnum samböndum. Orsakir, afleiðing, úrræði*, Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2008, bls. 19. Listfengi *Systu megin* felst meðal annars í því hve margar eyður eru í textanum en þar af leiðandi er erfitt að segja til um fyrir víst hvort mamman hafi beitt dóttur sína sálrænu ofbeldi eður ei. Ýmsar vísbendingar eru þó gefnar þess efnis; til að mynda segir Systa á einum stað: „Þeir dagar voru ekki grín þegar í Mömmuna fauk.“ (93)

<sup>35</sup> Ekki kemur fram hvort sérstök ástæða sé fyrir þrífum Systu eða hvað hún er að hreinsa en þó er ekki útilokað að hún hafi verið að þrífa baðkarið eftir eigin notkun og þrífín og sársaukinn í höndunum tengist þar með skömm hennar á líkama sínum og/eða því sem út úr honum hefur komið.

<sup>36</sup> Sbr. Freydís J. Freysteinsdóttir, *Skilgreiningar og flokkunarkerfi í barnavernd*, bls. 5.

<sup>37</sup> Tekið skal fram að í hrollvekjum um mammfreskjur er algengt að (drauga)húsið sé yfirráðasvæði þeirra, sjá til dæmis Barbara Creed, *The Monstrous-Feminine. Film, feminism, psychoanalysis*, bls. 140.

<sup>38</sup> Úlfhildur Dagsdóttir hefur fjallað um *Sólskinsbest* sem gotneska sögu og í því samhengi lagt áherslu á fjölskylduhúsið sem þar segir frá. Úlfhildur Dagsdóttir, „Heimilislegur dauði. eða ósýnilegir leikir á háalofti“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 29. júlí 2006, sótt 12. júní 2022 af [https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1095147/?item\\_num=0&searchid=47551be4af301126cc99076d934217e67b6e7169](https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1095147/?item_num=0&searchid=47551be4af301126cc99076d934217e67b6e7169). Sömu sögu má segja um Dagnýju Kristjánsdóttur og Katrínu Maríu Víðisdóttur en í greininni „Í frásagnarspeglasalum“ draga þær fram hvernig húsið í *Sólskinsbesti* minnir á drauga-hús hrollvekjunnar. Sjá bls. 183–191.

minnir á draugahús sem lesendur kannast við bæði úr hrollvekjum og gotneskum sögum.<sup>39</sup> Eins og Sigrún Margrét Guðmundsdóttir hefur bent á þá fjalla „sögur um reimleikahús [...] nánast alltaf um eitthvað úr fortíðinni sem ásækir íbúa hússins“<sup>40</sup> enda er heimilið staður minninga. Leyndarmál Fjólugötunnar – eða draugar fortíðarinnar – hverfast vitaskuld um fjölskylduhryllinginn; kúgun móðurinnar og valdbeitingu. Það er því skiljanlegt að Systa forðist heimsóknir þangað; hún vill ekki ýfa upp sárar minningar og endurupplifa alla þá vanlíðun sem þeim fylgir.

Kjallaraíbúð Systu er fullkomin andstæða æskuheimilisins með tilliti til íburðar og þæginda því þótt hún hafi lagt sig fram við að gera hana vistlega er hún afar bágborin og laus við öll nútímaþægindi. Hún segist ekki vilja kalla samastaðarígildi sitt „holu eða helli eða líkkistu til að gera ekki lítið úr því sem það þó er“ (55) en engu að síður endurspeglar slíkar nafngiftir óþægilega vel hóbýli hennar og innlokunarkenndina sem hlýtur að skapast í rými með lágri lofthæð og óopnanlegum glugga. Viðurnefnin minna einnig einum þræði á stöðu persónunnar í samfélaginu; hún býr við frumstæðar aðstæður og tilheyrir lægstu stéttinni sem samfélagið hefur sameinast um að fela undir yfirborðinu (eða jafnvel ganga fram af dauðri) með skorti á samkennd og bjargráðum.<sup>41</sup> Þótt samastaður Systu sé vart fólki bjóðandi kys hún hann fram yfir að flytja aftur í hryllingshús bernskunnar, ætti hún þess kost, til að viðhalda sjálfstæði sínu því eins og hún segir sjálf: „Það væri miklu skárna að mega vera myrtur eins og venjulegt lík, *í eitt skipti fyrir öll*, heldur en að flytja á Fjólugötuna.“ (147, leturbreyting mín) Orð Systu magna hryllinginn sem einkennir hóbýli móðurinnar en í anda gotneskrar hugsunar má segja að þar leynist hætturnar við hvert fótmál, gæti fólk ekki að sér, auk þess sem dauðinn og missirinn séu þar miðlæg.<sup>42</sup> Tíminn á Fjólugötunni stendur

<sup>39</sup> Draugahúsið er eitt algengasta minni hrollvekja og gotneskra sagna sbr. til dæmis David Punter og Glennis Byron, *The Gothic*, Malden, Oxford og Victoria: Blackwell Publishing, 2004, bls. 259–262. Um skelfilegan stað í hryllingsmyndum sjá til dæmis Carol Clover, „Karlar, konur og keðjusagir. Kyngervi í nútíma hryllingsmyndum“, þýðing Úlfhildur Dagsdóttir, *Afangar í kvikmyndafraedum*, ritstjóri Guðni Elísson, Reykjavík: Forlagið, 2003, bls. 357–394, hér bls. 365–366.

<sup>40</sup> Sigrún Margrét Guðmundsdóttir, *Húsið og heilinn. Um virkni reimleikabússins í The Shining og þremur íslenskum hrollvekjum*, ritgerð lögð fram til doktorsprófs, Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands, 2020, bls. 8.

<sup>41</sup> Í þessu samhengi má benda á samsvörun Systu megin við suður-kóresku kvikmyndina *Parasite* (2019, leikstjóri Bong Joon-Ho). Myndin fjallar um bláfátæka fjölskyldu í Seoul en stéttarstöðu hennar er gerð mjög augljós myndræn skil með því að beina sjónum áhorfenda að kjallaraíbúðinni sem hún býr í.

<sup>42</sup> Hér er vitnað til orða Guðna Elíssonar en samkvæmt honum snýst gotnesk hugsun

enda svo að segja í stað – nánast eins og í grafhvelfingu – í það minnsta er bernskuherbergi Systu „allt óbreytt frá því daginn sem [hún] hypjaði“ (147) sig þaðan og vegna þess að móðirin er húsfreyja heimilisins lúrir grimmdin enn innan veggja þess. Mildin á æskuheimilinu, sem faðirinn stóð fyrir, er auðvitað löngu liðin en það er undirstrikað á táknrænan hátt því í leiksögunni kemur fram að móðirin hafi fjarlægð mynd af pabbanum sem prýddi heimilið.

Það er nokkuð þversagnakennt að Systa segist velta mömmu sinni sem minnst fyrir sér því frásögnin hverfist meira og minna um hana og vanrækslu hennar þar sem að Systa er oft með hugann við móðurina og uppvöxtinn.<sup>43</sup> Á þann hátt minnir Systu megin einnig á hrollveku en í slíkum frásögnum er algengt að skrímlið – eða hið óhugnanlega – sé fjarverandi að mestu þótt nærvera þess og illska sé allt um kring og skapi ótta og vanlíðan bæði hjá þolendum og þeim sem fylgjast með. Í þessu samhengi má til að mynda minnst kvikmyndarinnar *Lömbin þagna* (e. *The Silence of the Lambs*) þar sem Antohony Hopkins lék hina sjarmerandi mannætu Hannibal Lecther, sem margir áhorfendur eiga erfitt með að gleyma.<sup>44</sup> Þótt kvikmyndin sé einatt talin fjalla um mannætuna og þó að Hopkins hafi hlotið Óskarsverðlaun sem besti karlleikari í aðalhlutverki fyrir frammistöðu sína í henni er athyglisvert að persónan sést aðeins á skjánum í 24 mínútur og tekur þar með aðeins þátt í 21% af heildartíma kvikmyndarinnar.<sup>45</sup> Til samanburðar má nefna að upplestur Steinunnar á Systu megin tekur fjórar klukkustundir og 16 mínútur en eini kafli þar sem móðirin kemur fram í eigin persónu og á í samskiptum við dóttur sína er 22 mínútur að lengd eða 8,6% af lengd lestursins.<sup>46</sup>

Regluleg og óhugnanleg minningabrot úr æsku Systu sem fjalla um vanrækslu móður hennar má líka túlka sem afleiðingu tráma.<sup>47</sup> Bókmennta-

---

„öðrum þræði um fallvaltleika tilverunnar, um forgengileika og missi, um hætturnar sem leynast við hvert fótmál gætum við ekki að okkur.“ Guðni Elísson, „Dauðinn á forsíðunni. DV og gotnesk heimsýn“, *Skírnir* haust/2006, bls. 313–356, hér bls. 325.

<sup>43</sup> Sbr. Steinunn Sigurðardóttir, *Systu megin*, bls. 156.

<sup>44</sup> Hér má líka minnst mammfreskjunnar úr *Psycho*, móður aðalpersónunnar Normans, en hún er afar miðlæg í verkinu og hefur feikileg áhrif á son sinn þrátt fyrir að vera látin.

<sup>45</sup> Sbr. til dæmis Saim Cheeda, „10 Oscar Winners For Roles With Surprisingly Low Screen-Time“, *Screenrant*, 6. desember 2021, sótt 15. júní 2022 af <https://screenrant.com/academy-award-oscar-winners-for-characters-roles-with-lowest-screen-time/>.

<sup>46</sup> Steinunn Sigurðardóttir, *Systu megin*, hljóðbók, Reykjavík: Mál og menning, 2021.

<sup>47</sup> Raunar má halda áfram með tengslin við hrollvekjugreinina og í því sambandi hafa í huga skrif Sigrúnar Margrétar Guðmundsdóttur um heilann sem reimleikahús. Sjá Sigrún Margrét Guðmundsdóttir, *Húsið og beilinn. Um virkni reimleikabússins í The Shining og þremur íslenskum hrollvekjum*.



fræðingurinn Cathy Caruth hefur bent á að tráma rjúfi sögu og tíma að því leyti að einstaklingurinn meðtaki ekki trámatíska atburðinn til fulls þegar hann á sér stað en áfallið snúi síðan gjarnan aftur og ásæki hann síðar meir í hugsunum, ímyndunum, draumum og óvelkomnum endurlitum.<sup>48</sup> Þessi endurtekning á ósjálfráðum minningum er eðlileg aðferð til að bregðast við skelfilegri reynslu og um leið aðferð til að umbreyta tilfinningum tengdum trámanu og umbera minningar um það. Flestir sem hafa upplifað tráma eru enda á einn eða annan hátt færir um að halda lífinu áfram án þess að láta minningarnar af áfallinu ná tökum á sér. Það merkir þó ekki að trámatíska atburðirnir hafi engin áhrif á þá því eftir að hafa upplifað áfall verða allflestir uppteknir af atburðinum og því eðlilegt að þeir leiði hugann reglulega að reynslunni og/eða hafi þörf fyrir að tala um hana.<sup>49</sup>

Slíkt á vel við um Systu því vanrækslan í bernsku er tráma í lífi hennar og þótt henni hafi tekist að skapa sér líf fjarri móðurinni og lifa með áfallinu benda minningarnar til þess að mammfreskjan sé enn að valda henni streitu og að hún sé ekki fullkomlega sloppin undan ægivaldi hennar. Raunar er vald móðurinnar og sterk nærvera bókstaflega raungerð í styttnu af henni sem er í eigu Systu. Verkið minnir á aðrar styttur af stjórnendum sem eiga það sameiginlegt að vera tákni fyrir vald viðkomandi.<sup>50</sup> Í lýsingu á styttni segir að hún sé „af kvenskörungi sem styður hönd á mjöðm og stígur ölduna álút. Skátalega klædd, í jakka með belti.“ (50) Og því er lýst að áhrif verksins séu bæði „sósíalrealísk og karlaleg.“ (50) Lýsingin markast af ísmeygilegri íróníu því rétt eins og móðirin hafa ýmsir stjórnendur, sem gert hafa út á bræðralag, samheldni og baráttu þeirra sem minna mega sín, reynst vera hinir verstu harðstjórar.<sup>51</sup>

<sup>48</sup> Cathy Caruth, „Trauma and Experience. Introduction“, *Trauma. Explorations in Memory*, ritstjóri Cathy Caruth, Baltimore og London: The Jones Hopkins University Press, 1995, bls. 3–12, hér bls. 4–5.

<sup>49</sup> Bessel A. van der Kolk og Alexander C. McFarlane, „The Black Hole of Trauma“, *Traumatic Stress. The Effects of Overwhelming Experience on Mind, Body, and Society*, ritstjórar Bessel A. van der Kolk, Alexander C. McFarlane og Lars Weisaeth, 1996, bls. 3–23, hér bls. 5–15.

<sup>50</sup> Það er reyndar skemmtilega írónískt að styttni á móðurinni er á einum tímapunkti stillt upp við hlið líkneskja af Jesú á krossinum annars vegar og skellihlajandi Búdda hins vegar en um leið er sá samsláttur alvarlegur því hann dregur vitaskuld fram hversu stórt hlutverk móðirin leikur í lífi dóttur sinnar og minnir á að þegar allt kemur til alls er hún skapari barna sinna. Sjá Steinunn Sigurðardóttir, *Systu megin*, bls. 164.

<sup>51</sup> Í þessu samhengi má til dæmis minnast skátaforingjans Robert Baden-Powell sem lagði grunninn að skátahreyfingunni um heim allan en var síðar sakaður um rasisma

Ekki er nóg með að styttn taki mikið pláss í híbýlum Systu – rétt eins og móðirin sjálf í hugsunum hennar – heldur verður hún stundum sjálflysandi þegar um mömmuna er rætt. Á þann hátt er lögð áhersla á að Systa er undir stöðugu eftirliti; hún er aldrei fullkomlega óhult fyrir ógnarvaldi móður sinnar.<sup>52</sup> Það kemur því kannski ekki á óvart að hún sé einstaklega meðvituð um að fylgja reglum og ákveðnum samfélagslegum viðmiðum; hún biðji um leyfi fyrir öllu mögulegu og varist átök. Lærð hegðun í bernsku, mörkuð valdbeitingu, gleymist nefnilega seint.

Þótt styttn skapi óhug í frásögninni gegnir hún einnig jákvæðu hlutverki því bæði Systa og Brósi geta fengið útrás fyrir reiði sína í garð móðurinnar með því að nota styttuna sem staðgengil hennar, án þess þó að því fylgi ógn eða hætta. Systa ávarpar styttuna/móðurina með orðunum: „Þú ert óttalegt ófreski“ (136) á meðan Brósi danglar fyrst laust í hana en tekur síðan „af sér beltið og bætir um betur.“ (136) Þannig má segja að tilfærsla (e. *displacement*) eigi sér stað hjá systkinunum því „það óþægilega eða ógnandi flyst frá þeim eða því sem veldur áreitinu [í þessu tilviki móðurinni] yfir á eitthvað annað og hlutlausara“<sup>53</sup>; það er styttuna; og um leið gefst Systu og Brósa færi á að vernda sjálf sig og takast á við óþægilegar tilfinningar.

Minningar um erfiða reynslu eru ekki einu einkennin í fari Systu sem tengjast trámatískri upplifun hennar. Til viðbótar má nefna að hún er gigtar-sjúklingur en algengt er að sársauki áfalla brjótist út í líkamlegum óþægindum eins og gigt.<sup>54</sup> Systa kallar sjálfa sig fávita þótt frásögn hennar beri þess

---

og fordóma gagnvart samkynhneigðum auk þess sem hann var gagnrýndur fyrir að hafa stutt Adolf Hitler. Vegna þessara ásakana var stytta af Powell í Poole í Bretlandi fjarlægð árið 2020 en hún hafði verið sett upp árið 2008. Sjá „Robert Baden-Powell statue to be removed in Poole“, *BBC* 11. júní 2020, sótt 4. júlí 2022 af <https://www.bbc.com/news/uk-england-dorset-53004638>.

<sup>52</sup> Ef höfð er í huga fyrrnefnd hugmynd, um móður Systu sem tákn fyrir ríkjandi yfirvöld í samfélaginu, minnir eftirlitið sem Systa er undir á kenningu Michel Foucaults um Alsjána; það er að eftirlitið stjórni samfélaginu sem veldur því að frelsi einstaklingsins minnkar til muna því hann þorir ekki að gera neitt af ótta við að fylgst sé með honum. Sbr. Michel Foucault, „Alsæishyggja“, *Alsæi, vald og þekking*, þýðendur Björn Þorsteinsson, Garðar Baldvinsson og Sigurður Ingólfsson, ritstjóri ritraðar Guðni Elísson, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2005, bls. 129–169.

<sup>53</sup> Högni Óskarsson, „Freud í hvunndeginum“, *Ritið* 2/2003, bls. 9–23, hér bls. 12. Tilfærsla er dæmi um einn af varnarháttum sjálfsins sem einstaklingur getur nýtt sér til að takast á við ýmsa vanlíðan; svo sem ótta, kvíða og reiði.

<sup>54</sup> Eggert S. Birgisson, „Vefjagigt og andleg líðan“, *Gigtarfélag Íslands*, sótt 16. júní 2022 af <https://www.gigt.is/ad-lifa-med-gigt/gigt-og-medferd/vefjagigt/vefjagigt-og-andleg-lidan>.

vitni að hún sé vel lesin, hafi góðan orðaforða og búi yfir víðtækri þekkingu. Ástæða nafngiftarinnar er aldrei útskýrð í leiksöggunni – ekki frekar en hvers vegna Systa lenti í fátæktrargildrunni – en gera má sér í hugarlund að persónan hafi mögulega hrökklast úr skóla líkt og ýmsir aðrir sem upplifað hafa alvarleg áföll í bernsku.<sup>55</sup> Eins og fyrr var getið forðast Systa heimsóknir á æskuheimilið enda geta aðstæður sem tengjast tráma minnt á eða vakið upp ótta fortíðar og aukið vanlíðan viðkomandi. Vanrækslan hefur einnig haft þau áhrif að Systa á erfitt með nán tengsl við aðra; hún þráir barn en hefur aldrei verið við karlmann kennd og sér ekki fram á að það muni breytast.

Þrátt fyrir erfiða bernsku er Systa æðrulaus. Hún hefur lært að lifa með trámanu og tekst á við lífið með seiglu og án biturðar enda beitir hún sjálfa sig eins konar hugrænni atferlismeðferð því hún eyðir ekki „tíma í að hugsa ljótt“ (143) og heldur „upp á góða drauma og reyni[r] að lifa sem mest í þeim í vökunni líka“ (60).<sup>56</sup> Hún nýtur auk þess hins þess fagra sem veröldin hefur upp á að bjóða; sólarinnar sem skín og plöntunnar sem vex í garðinum hennar. Þá les Systa bækur sér til skemmtunar og rifjar upp góðar minningar sem ylja. Tvisvar í viku fer hún í sund og þrífur sig en þannig getur hún haldið sjálfsvirðingu sinni og hreinlæti.<sup>57</sup> En þótt Systu hafi tekist að halda reisu og skapa sér líf þar sem hún er sjálf við stjórnvölinn er hún ekki fullkomlega frjáls. Fjárskortur og afstaða Brósa bróður í hennar garð marka hana og hefta frelsið rétt eins og betur verður gerð grein fyrir í næsta kafla.

<sup>55</sup> Sbr. Valentina Nikulina, Cathy Spatz Widom og Sally Czaja, „The Role of Childhood Neglect and Childhood Poverty in Predicting Mental Health, Academic Achievement and Crime in Adulthood“, *American Journal of Community Psychology* 48: 3/2011, bls. 309–321, hér bls. 311.

<sup>56</sup> Í stuttu og einfölduðu máli er hugræn atferlismeðferð tvíþætt. Annars vegar felst hún í því að hafa áhrif á hugarfar með ýmsu móti og hins vegar að breyta hegðun sem á þátt í að viðhalda vandanum. Sbr. Magnús Blöndahl Sighvatsson, Hafrún Kristjánsdóttir, Engilbert Sigurðsson og Jón Friðrik Sigurðsson, „Gagnsemi hugrænnar atferlismeðferðar við lyndis- og kvíðaröskunum hjá fullorðnum“, *Lækna-bladið* 11/2011, sótt 16. júní 2022 af <https://www.laeknabladid.is/tolublod/2011/11/nr/4367>.

<sup>57</sup> Í fyrrnefndum fyrirlestri kom Lára Björnsdóttir meðal annars inn á hvernig Systa nyti smáu hlutana í veröldinni og hversu mikilvægt það væri henni að geta þrífist sig. Sjá Lára Björnsdóttir, „Systa, ein af sterku konunum hennar Steinunnar“.

*Hlutverk Systu*

Öll veröldin er leiksvið,  
og aðeins leikarar, hver karl og kona,  
þau fara og koma á sínum setta tíma,  
og sérhver breytir oft um gervi og leikur  
sjö þætti sinnar eigin ævi.<sup>58</sup>

Úr *Sem yður þóknast* eftir William Shakespeare

Það er algengt að líkja veröldinni við leiksvið og lífinu við leikrit þar sem hver einstaklingur gegnir tilteknu hlutverki. Hlutverk hvers og eins geta þó verið margbreytileg og ólík eftir tíma og aðstæðum en innan félagsfræðinnar hefur raunar verið sett fram sú kenning að einstaklingurinn hafi margar og ólíkar sjálfsmyndir sem mótist af því hvaða hlutverk hann leikur hverju sinni. Sjálfsmyndin sé nánar tiltekið tengd ákveðnum gerðum af hlutverkum og hugmyndum fólks um hvað felist í þeim eins og til dæmis hvernig eigi að haga sér í hlutverkunum vinkona, systir eða dósasafnari; í hverju hlutverki getur birst ólík sjálfsmynd. Samkvæmt félagsfræðingnum Sheldon Stryker móta ólíkar sjálfsmyndir einstaklingsins sjálf hans. Hann segir að sjálfíð sé mikilvægur þáttur í öllum gjörðum manneskjunnar og samskiptum en hann telur að það verði til í samskiptum við aðra vegna þess að viðbrögð þeirra hafi áhrif á mótun þess. Samfélagið á þar með þátt í að skapa sjálfíð sem hefur síðan áhrif á félagslega hegðun einstaklings.<sup>59</sup>

Þetta er nefnt vegna þess að líkingar tengdar leiklist og lífinu eru í forgrunni í *Systu megin*. Það sést best af því að leiksgagan er að hluta til byggð upp sem leikrit, henni fylgir hlutverkaskrá og oft eru gefnar nákvæmar lýsingar á aðstæðum og persónum í samræðuköflunum þannig að lesendur vita meira um persónur en þær hver um aðra.<sup>60</sup> Mestu máli skiptir þó að persónur eru sífellt að leika tiltekin hlutverk; sem draga dóm af aðstæðum og félags-

<sup>58</sup> William Shakespeare, *Sem yður þóknast*, Helgi Hálfðanarson þýddi, Ritsafn 7 bindi, Reykjavík: Mál og menning, 1991, bls. 11–95, hér bls. 44.

<sup>59</sup> Sheldon Stryker, „Identity Theory and Personality Theory. Mutual Relevance“, *Journal of Personality* 75: 6/2007, bls. 1083–1100, hér bls. 1088–1092.

<sup>60</sup> Þess má geta að nöfn persóna í nánustu fjölskyldu Systu vísa til hlutverks þeirra innan fjölskyldunnar; systkinin ganga undir nöfnunum Systa og Brósi (systir og bróðir) en foreldrarnir Faðir/Pabbi og Mamma, það er að segja ef frá eru talin fyrrnefnd viðurnefni sem systkinin hafa um móður sína. Móðirin er reyndar eina persónan í fjölskyldunni sem er nafngreind, hún heitir Gunnvör og er það vel við hæfi því nafnið merkir „vörn orrustunnar“. Sjá Guðrún Kvaran, *Nöfn Islendinga*, Reykjavík: Forlagið, 2011.

legum samskiptum. Systu er til dæmis mikið í mun að fylgja eftir ákveðnum samfélagslegum viðmiðum; bæði hvað varðar samskipti við sína nánustu og ókunnuga. Sem dósasafnari reynir hún til að mynda að gera sig ósýnilega og ögra ekki umhverfinu en þegar hún á í samskiptum við Lóló gengst hún upp í hlutverki vinkonunnar; er til staðar og hjálpar eftir bestu getu.

Ýmsir þættir geta haft áhrif á sjálfsmyndir einstaklinga – eða hvaða hlutverk þeir leika í tilteknum aðstæðum – en þar á meðal getur kyn þeirra skipt máli. Það er að vísu misjafnt eftir hverjum og einum, ólíkum hlutverkum, tímabilum og aðstæðum hversu stóran þátt kynið skipar í sjálfsmyndinni. Í rannsóknnum á sjálfsævisögulegum frásögnum karla og kvenna hefur þó komið fram að konur skilgreini sig gjarnan frekar út frá öðru fólki á meðan að karlar líti á sjálfa sig sem einstaka og engum háða.<sup>61</sup> Þessi munur kemur glögglega fram í fari systkinanna í *Systu megin* sem mynda reyndar andstæður af ýmsu tagi.

Systa gekk litla bróður sínum, Brósa, í foreldrastað við fráfall föður þeirra og þótt bæði séu orðin fullorðin, þegar leiksagan gerist, er hún enn í umönnunarhlutverki gagnvart honum. Þannig er því til að mynda lýst að Systa huggar bróður sinn eins og lítið barn eftir rifrildi hans við ótryggan kærasta sem gengur í skrokk á honum. Hún býr að sárum Brósa, gefur honum verkjalyf og gengur úr rúmi fyrir hann. Systa er fullkomin andstæða móður sinnar enda leggur hún eigin þarfir til hliðar, er lítillát, auðmjúk og tillitsöm og býr því yfir öllum þeim kostum sem einkenna goðsögnina um hina fórnfúsu móður; sem margar konur hafa í gegnum tíðina haft sem forskrift af því hvernig þeim beri að haga sér í móðurhlutverkinu.<sup>62</sup> Systa er sem sagt mótuð af samfélags- og menningarlegum hugmyndum um móðurhlutverkið þótt hún hafi valið sér óhefðbundinn lífsstíl og átt mömmu sem hafnaði börnum sínum.

Brósi er betur settur en Systa þó að hann eigi í ýmsum persónulegum vandræðum. Í samræðum þeirra á milli skammast hann sín ýmist fyrir hana – ekki síst í návist kærastans – eða lætur sem hann vilji hjálpa henni að skapa sér betra líf, eins og eftirfarandi ummæli vitna um:

<sup>61</sup> Robyn Fivush og Janine P. Buckner, „Creating Gender and Identity Through Autobiographical Narratives“, *Autobiographical Memory and the Construction of a Narrative Self. Developmental and Cultural Perspectives*, 2003, bls. 149–167, hér bls. 150–151.

<sup>62</sup> Sbr. Dagný Kristjánsdóttir, *Frelsi og öryggi. Um sögur Svövu Jakobsdóttur og íslenska kvemmabreyfingu*, Reykjavík: Rannsóknastofnun í bókmenntafræði við Háskóla Íslands, 1978, bls. 36.

Ég skal halda áfram að svipast um eftir góðu herbergi handa þér. Með opnanlegum glugga og aðgangi að vatnslósetti. Ég get alveg hjálpað þér eitthvað með leiguna. Og það er náttúrliga ekki útilokað að það mætti kreista blóðþening undan nöguðu nöglunum á Mömmu – ef hún væri beðin. Í millitíðinni ættirðu virkilega að þiggja rafmagnsöfninn, og ég hjálpa með rafmagnsreikninginn. (137)

Þú gætir í alvöru flutt til mín. Svo mundi ég láta endurmeta þig og þú fengir bætur eins og þér ber. (149)

Brósi minnir á stjórnámamann sem leikur tveimur skjöldum; það er sleikur sig upp við kjósendur og lofar öllu fögru þegar þess þarf en stendur síðan ekki við orð sín. Loforðin sem hann gefur Systu eru enda innantóm; gyllivonir og draumórar sem aldrei munu koma til með að rætast. Það veit Systa vel enda er Brósi sjálfseksur og er systur sinni ekki góður. Hann fyrir lítur fátækt hennar og lífernir, kallar hana öllum illum nöfnum, gagnrýnir heimili hennar og lúber hana í bræði sinni. Í stað þess að sýna Systu samkennd vill Brósi losna við hana úr lífi sínu; leggur meðal annars til að hún flytji norður eða til móður þeirra. Hann snýr vanda hennar auk þess upp á sjálfan sig; hann þjáist og á erfitt í einkalífinu vegna stöðu hennar:

Það hjálpar náttúrliga ekki að eiga Systu fyrir systur. Bjarni [kærasti Brósa] lítur ekki við mér frammar eftir að hafa rekið nefið inn í þetta greni – með ógeðslegri stinkbombu ... á ... sjóræningjalöpp. Hann Bjarni – sem er svo mikið fyrir merkjavöru og ilm. Og hver heldurðu að gæti yfirleitt tekið kærasta alvarlega sem á systur sem mælir göturnar í Reykjavík frá morgni til kvölds með kerruskriffli og dollur. [...] Hann lítur ekki við mér frammar. (145)

Afstaða Brósa vitnar um að hann þráir að vera sjálfstæður og engum háður; að nánasta fjölskylda kasti hvorki rýrð á hann né sé honum til skammar. Persónuna má túlka sem fulltrúa þess fólks sem tekur vanlíðan og erfíðar aðstæður annarra (kannski) nærri sér um stund en á erfitt með að setja sig í þeirra spor og leggur því lítt af mörkum við að hjálpa þeim að líða betur.<sup>63</sup> Systa tilheyrir aftur á móti ekki þeim hópi og vegna þess hve trygg hún er bróður sínum og hefur ríkulega samlíðan með honum er hún tilbúin að

<sup>63</sup> Sbr. Elaine Scarry, *The Body in Pain. The Making and Unmaking of the World*, New York: Oxford University Press, 1987, bls. 3–7.

fórna öllu fyrir hann; hætta flandrinu um borgina og „finna leið til að landhreinsa [sig] af götunum.“ (150)

En hvert á fátæk kona að leita sem engan stuðning hefur frá fjölskyldu sinni eða hinu opinbera? Í sögunni býðst Systu að koma í varanlega vinnudvöl á Kvinnabrekku þar sem erlendar konur vinna undir stjórn Ketils forstjóra. Fyrir fátækling er tilboð Ketils kannski lokkandi: Húsnæðið „[m]jög vel upphitað, aldrei undir nítján gráðum.“ (20) „Fimmtán mínútna kaffihlé að morgni, fjörutíu og fimm mínútur í hádegismat, heit súpa, fimmtán mínútna síðdegiskaffi, og klukkustundar matarhlé með fullkominni máltíð að kvöldi. Næturhvíld sjö og hálfur tími.“ (112) En boðið er þó of gott til að vera satt enda er það ávísun upp á frelsisviptingu eins og Systa er raunar meðvituð um.<sup>64</sup> Á heimilinu er konum ætlað að sinna hlutverki vinnukvenna til hins ítrasta því unnið er alla daga og líka eftir kvöldmat „til að ná nægum afköstum.“ (113) Launin kvennanna eru lág en 60% af þeim eru dregin frá til að greiða viðurværis-pakka; húsaleigu, rafmagn og mat. Starfið er alfarið innandyra og orkar sem fangelsisvist því eini frítími kvennanna er „[k]lukku-tíma bæjarleyfi á sunnudagseftirmiðdögum.“ (20) Ekki kemur fram í hverju starfið felst nákvæmlega eins og er undirstrikað á írónískan máta með sjö blaðsíðna starfssamningi á tailensku sem Systu er ætlað að undirrita.

Vinnuharkan og innilokunin sem einkenna starfseminna á Kvinnabrekku geta minnt á stöðu kvenna í fortíð og nútíð. Hefðbundin húsmóður- og móðurhlutverk voru algengasta staða þeirra í hinum vestræna heimi langt fram eftir 20. öldinni. Á þeim tíma var heimilið vinnustaður kvenna en allan sólarhringinn, allt árið um kring, voru þær bundnar við stjórnun þess og barnauppleði. Verkefnum konunnar var aldrei lokið en ætlast var til þess að hún væri sífellt til staðar fyrir eiginmann sinn og börn.<sup>65</sup> Vegna þess hve mikill tími fór í húsverk og uppleði höfðu húsmæður hvorki rými né tíma til að sinna sjálfum sér eða gera vitsmunalegar uppgötvanir.<sup>66</sup> Frelsi þeirra var

<sup>64</sup> Tilboð Ketils á sér ákveðna samsvörun við hrollvekujuhefðina en eins og Sigrún Margrét Guðmundsdóttir hefur fjallað um er það lykilatriði í reimleikahússögum að læsa sögupersónur inni í húsum svo þær komist ekki aftur út en í því skyni er oft unnið með bágan fjárhag þeirra. Hún bendir jafnframt á að þegar persónum býðst húsnæði sem er of gott til að vera satt – til dæmis vegna þess að það er á svo hagstæðum kjörum – er það oftast raunin. Sjá Sigrún Margrét Guðmundsdóttir, „Tveggja hæða hús á besta stað í bænum. Um *Húsið* eftir Egil Eðvarðsson“, *Ritið* 2/2019, bls. 135–172, hér bls. 142–143.

<sup>65</sup> Helga Kress, „Um konur og bókmenntir“, *Draumur um veruleika. Íslenskar sögur um og eftir konur*, Helga Kress sá um útgáfuna, Reykjavík: Mál og menning, 1977, bls. 11–35, hér bls. 12–13.

<sup>66</sup> Á þetta benti rithöfundurinn Virginia Woolf strax í fyrstu bylgu femínisma í grund-

Því takmarkað á svipaðan hátt og kvennanna á Kvennabrekku. Þar kemur hinn stífi vinnutími í veg fyrir að konurnar geti aukið viðsýni sína, til dæmis með lestri bóka, en á því er raunar hamrað þegar Systa mætir á svæðið með bókakost sinn. Ketill tekur þá fram að á heimilinu séu bækur ekki vel séðar og þótt ekki sé óheimilt að hafa þær með sér finnist honum „þetta allskrautlegt uppátæki hjá Systunni.“ (166) Afstaða hans vitnar um að konum heimilisins er ekki ætlað að rækta áhugamál sín heldur eigi þær fyrst og fremst að helga sig vinnukonustarfinu.

Starfsemina á Kvennabrekku má líka skoða sem smáheim sem endurspeglar veruleika margra erlendra kvenna í íslensku nútímasamfélagi.<sup>67</sup> Hérlandis er ekki aðeins algengt að konur af erlendu bergi brotnu sinni láglaunastörfum heldur þekkjast því miður dæmi þess að konur hafi bókstaflega verið fluttar til landsins, þær lokaðar inni til að sinna tiltekinni vinnu og fengið í laun fæði og húsnæði; rétt eins og vinnukonurnar á Kvennabrekku.<sup>68</sup>

---

vallarriti sínu *Sérherbergi* (e. *A Room of One's Own* (1929)) sem fjallar um konur, bókmenntir, frelsi og skilyrði til listsköpunar. Sjá Virginia Woolf, *Sérherbergi*, þýðing Helga Kress, Reykjavík: Svart á hvítu, 1983, til dæmis bls. 154. Í annarri bylgju femínisma var síðan lögð enn frekari áhersla á að skoða stöðu konunnar innan heimilisins og þau höft sem hún bjó við en í því samhengi má meðal annars minnst bókarrinnar *The Feminine Mystique* (1963) eftir Betty Friedan sem hafði gífurleg áhrif á kvennabaráttu í hinum vestræna heimi.

<sup>67</sup> Þótt Ísland sé þekkt fyrir að standa sig vel í jafnréttismálum og íslenskar konur hafi náð langt á mörgum sviðum atvinnulífsins hallar mjög á erlendar konur á íslenskum vinnumarkaði. Þær eru taldar mynda viðkvæmasta hópt vinnumarkaðsins með tilliti til atvinnutækifæra og launa auk þess sem þær búa oft við veika félagslega stöðu í samfélaginu. Rannsóknir á íslenskri atvinnuþátttöku hafa raunar bent til þess að sá mikli árangur sem náðst hefur í jafnrétti kynjanna á Íslandi hafi beinlínis verið á kostnað kvenna af erlendum uppruna sem í auknum mæli tóku að sér mörg af hinum láglaunuðu „kvennastörfum“ í þrifum og umönnun og „festust“ þar þótt þær hefðu aflað sér menntunar á öðrum sviðum. Sjá Sveinbjörg Smáradóttir og Markus Meckl, „Hvað þarf til svo að erlendar menntakonur fái vinnu við hæfi?“, *Tímarit félagsráðgjafa* 1/2021, bls. 27–33, hér bls. 28.

<sup>68</sup> Í þessu samhengi má til dæmis minnst þess að árið 2016 kom í ljós að tvær konur frá Srí Lanka bjuggu í húsi í Vík í Mýrdal og unnu þar við saumaskap fyrir eiganda hússins. Þær fengu fæði og húsnæði auk þess sem peningar voru sendir úr landi fyrir aðra konuna. Konurnar þekktu ekkert til á Íslandi en þegar þær fundust höfðu þær aldrei farið út fyrir Vík í Mýrdal fyrir utan að þær fóru eitt sinn í Bónus á Selfossi. Mál kvennanna var rannsakað sem mansalsmál en látið niður falla í héraðsdómi. Sjá Sunna Kristín Hilmarsdóttir og Þórhildur Þorkelsdóttir, „Mansalsmálið í Vík. Konurnar voru mjög hræddar þegar málið kom upp“, *Vísir* 29. júní 2017, sótt 24. júní 2022 af <https://www.visir.is/g/20171763230d>. Til viðbótar má einnig nefna að á ráðstefnu félagsfræðinga í október 2021 benti Ragna Björg Guðbrandsdóttir, teymisstjóri Bjarkarhlíðar, á að árið 2020 komu upp 13 tilfelli þar sem grunur var um mansal og tvö tilfelli þar sem um var að ræða smygl á fólki. Í erindi hennar



Sagan dregur líka fram hvernig konur í láglunastörfum strita gjarnan daginn út og daginn inn án þess að fá laun við hæfi þannig að þær lifa jafnvel undir fátækramörkum; líka þær sem ættu að fá bætur frá hinu opinbera eins og Systa. Um leið minnir skáldverkið á hvernig sumir atvinnurekendur nýta sér neyð fátækra kvenna sem vegna aðstæðna sinna eru knúnar til að taka að sér illa borguð störf án þess að vita nákvæmlega hvað í þeim felst; samanber starfssamninginn á taílenku. Ádeilan í *Systu megin* er hörð. Vinnuþrælkun, mansal og fátækt eru fyrirbæri sem lifa góðu lífi í íslensku samfélagi þótt margir kjósi að leiða þá staðreynd hjá sér. Í þessu samhengi er vert að nefna að Steinunn hefur sjálf upplýst að þrátt fyrir yfirgnæfandi góða dóma og kynningu hafi *Systu megin* ekki staðið undir söluvæntingum en hún telur að ástæðuna fyrir því megi hugsanlega rekja til þess „að ekki svo margir hefðu áhuga á að lesa um jafn-ósexí hlut eins og fátækt er – í bland reyndar við mjög ósexí skort á kynlífi bókina út í gegn.“<sup>69</sup>

Pegar Systa er að því komin að skrifa undir starfssamninginn snýst henni hugur. Hún vill ekki láta þröngva sér í hlutverk vinnukonunnar, læsast inni á Kvinnabrekku og segja skilið við eigið sjálfstæði. Fyrir vikið minnir hún á persónuna Nóru úr leikritinu *Brúðuheimilið* (1879) eftir Henrik Ibsen; þótt efnahagsleg staða þeirra sé gagnólik. Undir lok leikritsins trúir Nóra ekki lengur á að hún sé fyrst og fremst eiginkona og móðir, eins og samfélagið gerir ráð fyrir, heldur segist hún halda að hún sé „fyrst og fremst manneskja“ engu síður en eiginmaður hennar eða hún eigi að „minnsta kosti að reyna að verða það.“<sup>70</sup> Verkinu lýkur á því að Nóra skellir hurðinni á heimili sínu og segir um leið skilið við eiginmann sinn og börn til að lifa lífinu sem sjálfstæð kona. En stóra spurningin er tekst henni það? Lesendur eða áhorfendur eru skildir eftir í óvissu en ætla má að fyrir peningalaus konu sé framtíðin ekki björt. Hið sama má segja um framtíð Systu þótt næstum tvær aldir skilji persónurnar að og réttindi og frelsi kvenna hafi almennt stóraukist á Norðurlöndum. Systa vill lifa lífinu sem frjáls og óháð manneskja en þótt ekki sé hægt að kaupa frelsi eru peningar engu að síður grundvöllur sjálfstæðis; nauðsynlegir til að geta lifað af. Það má því spyrja: hvað verður um persónuna?

Leiksögunni lýkur á því að Systa yfirgefur Kvinnabrekku og heldur út

---

kom einnig fram að hún teldi mansal falinn vanda í samfélaginu og tilfellið um það væru mun fleiri en upp kæmust. Sjá Fanndís Birna Logadóttir, „Telur mansal falinn vanda á Íslandi“, *Vísir* 26. október 2021, sótt 24. júní 2022 af <https://www.visir.is/g/20212174384d>.

<sup>69</sup> Steinunn Sigurðardóttir, „Er Systa til?“.

<sup>70</sup> Henrik Ibsen, „Brúðuheimilið“, *Leikrit I*, Einar Bragi Þýddi, Reykjavík: Ibsenútgáfan, 1995, bls. 121–208, hér bls. 204.

í vetrarkuldann; hún kýs dauðann fram yfir ósjálfstæðið. Eftir að hafa lagt sig alla fram, sýnt einstakan styrk og seiglu virðist hún hafa gefist upp á lífsbaráttunni. Úti gengur hún fram á stallsystur sína Lóló og er það dæmigert fyrir góðmennsku Systu að hún hlúir að vinkonu sinni og kemur henni fyrir á dósavagninum sínum. Það logar á litlu kertaljósi á meðan konurnar tvær halda inn í myrkið á leið í faðm dauðans. Leikslokin eru þannig óþægileg áminning um örlög margra þeirra sem lifa undir fátækramörkum og settir eru út á kaldan klakann af þeim sem fara með völdin í samfélaginu.<sup>71</sup>

### *Að lokum*

*Systu megin* er ekki fyrsta bók Steinunnar þar sem hún tekst á við alvarleg og falin samfélagsmál en allt frá upphafi ferils síns hefur hún verið gjörn á að ljá þeim rödd sem ekki gætu sagt sögu sína sjálfir. Í því skyni hefur hún til að mynda áður beint sjónum að hrjáðum börnum og vanhæfum foreldrum þeirra.<sup>72</sup> *Systu megin* sker sig þó frá öðrum verkum Steinunnar þar sem komið er inn á vanrækslu því í leiksöggunni eru áhrif hennar í þröngu samhengi og víðu svo vel sýnd; hvernig foreldrar geta vanrækt börnin sín án þess að nokkur komi þeim til bjargar og eins hvernig hið opinbera bregst stórum hópi fólks sem neyðist til að lifa við bágbornar aðstæður og skrimta þótt nægur peningur sé til skiptanna. Borgarmyndin, stéttaskiptingin og kaldlyndi samfélagsins sem blasa við lesendum út frá sjónarhóli Systu, fátæka flandrarans og vanrækta barnsins, eru nóturleg svo ekki sé meira sagt. Mammfreskjurnar eru víða og það er einkar dýrmætt að fá eins áhrifaríka bók og *Systu megin* til að minna á það.<sup>73</sup>

<sup>71</sup> Örlög vinkvennanna og staða kallast að sjálfsögðu á við hlutskipti aðalpersónunnar í sögunni *Litla stúlkan með eldspýturnar* eftir H. C. Andersen. Eins og Systa og Lóló er stúlkan bláfátæk en í lok sögu verður hún úti á gamlársdag. (Sjá H. C. Andersen, *Litla stúlkan með eldspýturnar*, þýðandi Böðvar Guðmundsson, Reykjavík: PP forlag, 2004.) Á textatengslunum er raunar hamrað í leiksöggunni því þar minnast vinkonurnar í tvígang á litlu stúlkuna eða „lillu hrylluna“ eins og Lóló kallar hana; annars vegar þegar Lóló er fyrst kynnt til sögunnar og hins vegar undir blálök hennar. Í bæði skiptin nefnir Systa að hún hafi grátið yfir sögunni en bendir jafnframt á að stúlkan átti ömmu í hinu efra. Textatengslin, athugasemdir Systu um litlu stúlkuna og nafngift Lólóar undirstrika enn betur jaðarstöðu persónanna í sögu Steinunnar. Steinunn Sigurðardóttir, *Systu megin*, bls. 16 og 180.

<sup>72</sup> Hér má minnast skáldsagnanna *Sólskinsbests* (2005) og *Jójó* (2011).

<sup>73</sup> Þessi grein er hluti af verkefni Ímyndunaraflið (221478-1801) sem stutt er af Starfslaunasjóði sjálfstætt starfandi fræðimanna. Ég þakka Sigrúnu Margréti Guðmundsdóttur og ritrýnendum fyrir góðar og gagnlegar ábendingar.

## ÚTDRÁTTUR

Leiksagan *Systu megin* (2021) eftir Steinunni Sigurðardóttur segir frá bláfátæku utangarðskonunni Systu sem dregur fram lífið með dósasöfnun og á að baki erfiða og flókna æsku. Í þessari grein er sjónum beint að Systu og þeirri höfnun sem hún má þola, jafnt í víðu samhengi og þröngu sem og í fortíð og nútíð. Rætt er um persónuna sem flandrara og fjallað um þá samfélagslegu útskýfun og skömm sem hún upplifir vegna fátæktar. Sérstaklega er skoðað hvernig samfélagið og fjölskyldutengsl Systu hefta frelsi hennar og ýta undir að hún gegni tilteknum hlutverkum. Þá er einnig gerð grein fyrir því hvernig Steinunn nýtir sér ýmis einkenni hrollvekjuefðarinnar til að varpa ljósi á vanræksluna sem Systa má þola af hálfu móður sinnar og dregið fram hvernig afleiðingar áfalla í bernsku geta haft langvarandi áhrif á líf einstaklings.

*Lykilorð:* Steinunn Sigurðardóttir, *Systu megin*, vanræksla, dóttur-móður samband, tráma, hrollvekja, flandrari, fátækt

## A B S T R A C T

**Canbeauty, a flâneuse and a neglected daughter  
On *Systu megin* by Steinunn Sigurðardóttir**

The playnovel *Systu megin* (2021) by Steinunn Sigurðardóttir tells the story of Systa an outsider, who makes ends meet by collecting cans and has a difficult and complicated childhood behind her. This article discusses Systa and the rejection she can endure, both in a broad and narrow context as well as in the past and present. The character as a *flâneuse* is discussed as well as the social ostracism and shame she experiences due to poverty. A special focus is put on how the society and Systa's family limit her freedom and push her to play certain roles. The article also explains how Sigurðardóttir uses various characteristics of the horror tradition to shed light on the neglect that Systa can endure from her mother and highlights how the consequences of trauma in childhood can have a long-lasting effect on a person's life.

*Keywords:* Steinunn Sigurðardóttir, *Systu megin*, neglect, daughter-mother relationship, trauma, horror, flâneuse, poverty

GUÐRÚN STEINÞÓRSDÓTTIR

doktor í íslenskum bókmenntum

gudrunst@hi.is

